



Landsvirkjun

Upplýsingar úr uppgjöri

Árshlutareikningur F2 2024

Traustur rekstur við krefjandi aðstæður

- Hagnaður af grunnrekstri Landsvirkjunar á fyrri árshelmingi nam 19,9 milljörðum króna og handbært fé frá rekstri 22,7 milljörðum.
- Áfram lækka nettó skuldir, eiginfjárlutfall er 62,2% og skuldsetning er 1,44x rekstrarhagnaður fyrir afskriftir.
- Erfið staða í vatnsbúskap fyrirtækisins og skerðingar sökum hennar settu nokkurn svip á afkomuna á fyrri hluta ársins.

Hörður Arnarson
Forstjóri



„Rekstur Landsvirkjunar á öðrum ársfjórðungi gekk vel við nokkuð krefjandi aðstæður. Eftir tvö einstök rekstrarár í sögu fyrirtækisins er afkoman áfram góð. Hagnaður af grunnrekstri á fyrri árshelmingi var 143,4 milljónir Bandaríkjadala, eða 19,9 milljarðar króna og dróst saman um 27%. Rekstrartekjur námu 279,1 milljón dala, eða 38,8 milljörðum króna, samanborið við 331,8 milljónir dala á sama tímabili í fyrra.

Þröng staða í vatnsbúskapnum setti mark sitt á reksturinn á fyrri hluta ársins. Tekjur af raforkusölu drógust saman vegna skerðingar á afhendingu rafmagns af þeim sökum, auk þess sem verðtenging við Nordpool-markaðinn í samningi við einn stórnotanda féll niður í lok síðasta árs. Þá lækkuðu innleystar áhættuvarnir frá fyrra ári, sem hafði áhrif til tekjulækkunar.“

Lykiltölur

Selt magn

3,4 TWst ↓ 5,7%

Rekstrartekjur

135 m. USD ↓ 13,4%

Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði

66 m. USD ↓ 24,4%

Handbært fé frá rekstri


62 m. USD ↓ 40,5%

Nettó skuldir

636 m. USD ↓ 4,5%

Eiginfjárlutfall

62,2% ↑ 1,7 prst.




Rekstur

Milljónir USD	F2 2024	F2 2023	%
Rekstrartekjur	135,3	156,3	-13,4%
EBITDA	94,0	117,0	-19,6%
Hagnaður fyrir óinnl. fj.	66,0	87,3	-24,4%
Raforkusala (TWst)	3,4	3,6	-5,7%


Rekstrartekjur á öðrum ársfjórðungi lækka á milli ára sem skýrist aðallega af áhrifum innleysta áhættuvarna þar sem verðtenging við Nord Pool markað hjá einum stórnotanda féll úr gildi í lok síðasta árs. Auk þess voru neikvæð áhrif vegna raforkuskerðinga.

Hagnaður af grunnrekstri (hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði) lækkar samhliða tekjum en er þó sterkur þegar horft er á sögulega þróun.

Rekstrartekjur



Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði




Efnahagur

Milljónir USD	30.6. 2024	30.6. 2023	%
Eignir samtals	3.560,9	3.752,0	-5,1%
Skuldir samtals	1.347,7	1.482,0	-9,1%
Nettó skuldir	635,7	665,7	-4,5%
Eiginfjárlutfall	62,2%	60,5%	1,7 prst.

Fjárhagsstaða Landsvirkjunar hefur styrkst mikið á undanförunum árum samhliða sterkum rekstri. Nú hefur matsfyrirtækið Moody's breytt horfum á láns hæfi Landsvirkjunar úr stöðugum í jákvæðar vegna þessarar þróunar. Skuldsetning heldur áfram að lækka og hafa nettó skuldir, þ.e. vaxtaberandi skuldir að frádregnu handbæru fé, lækkað um 4,5% frá sama tíma í fyrra og 8,8% frá áramótum.

Nettó skuldir og eiginfjárlutfall



Sjóðstreymi

Milljónir USD	F2 2024	F2 2023	%
Veltufé frá rekstri (FFO)	90,4	112,6	-19,7%
Handbært fé frá rekstri	62,1	104,4	-40,5%
Fjárfestingar	13,2	11,3	16,4%
Fjármögnun	111,9	71,5	56,5%

Fjármunamyndun heldur áfram að vera sterk þó hún lækki frá fyrra ári. Handbært fé frá rekstri lækkar um 41% á milli ára og nemur 62 m. Bandaríkjadala á ársfjórðungnum.

